



BRÉF TIL BÆNDA Á VESTURLANDI

Útg.: Búnaðarsamtök Vesturlands, Hvanneyri, 311 Borgarnes, s: 437-1215, netfang: bv@bondi.is
Veffang: www.buvest.is Ábyrgðarm: Guðmundur Sigurðsson gsig@bondi.is

1. bréf 2014

mars

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands verður haldinn að Árbliki í Dalabyggð fimmtudaginn 10. apríl 2014 og hefst kl. 11:00.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Önnur mál.

Öllum bændum er heimil fundarseta en aðeins kjörnir fulltrúar hafa málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt.

Stjórn BV

Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða

Aðalfundur BSV verður haldinn föstudaginn 25. apríl 2014 í Heydal í Ísafjarðardjúpi og hefst hann kl. 10.00 árdegis.

Öllum bændum er heimil fundarseta en aðeins kjörnir fulltrúar hafa málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt.

Drög að Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Erindi gesta.
3. Önnur mál

Óskað er eftir því að þeir sem þurfa á gistingu að halda hafi samband við Sigmund Sigmundsson í síma 456-4837 eða á netfangið simbih@simnet.is ekki síðar en föstudaginn 14. mars.

Stjórn BSV.

Sími frjótækna - Talhólfsnúmerið er nú 871-5845

Þann 1. mars 2014 breyttist talhólfsnúmer frjótækna á starfssvæðinu Vesturland og Kjós/Kjalarnes vegna kerfisbreytinga hjá Símanum.

Breyting varð einnig á talhólfsnúmeri hjá frjótækninum Högna Jónssyni á Ósi, er nú 871-0569. Einnig er hægt að ná í Högna í síma 892-0569.

Bókhaldsþjónusta BV ehf.

Við sjáum um VSK-bókanir, launabókhald, ársreikninga, skattskil og uppgjör fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Áhugasamir vinsamlegast hafi samband sem allra fyrst við Ingveldi H. Ingibergsdóttur í síma 437 1215 eða með tölvupósti á netfangið ih@bondi.is og bbv@bondi.is Vakin er athygli á því að almennur skilafrestur einstaklinga er 21. mars 2014. Skilafrestur lögaðila er 31. maí.



Þeir sem hafa verið í bókhaldi undanfarin ár eru hvattir til að koma gögnum til okkar sem allra fyrst.

Klaufskurður

Nú er verið að fara af stað með klaufskurðarbásinn eftir vetrardvala og mun Guðmundur Hallgrímsson eins og undanfarin ár annast klaufsnyrtingu. Kúabændur sem hafa áhuga á því að fá klaufskurð á næstu mánuðum eru hvattir til að panta sem fyrst.

Komugjaldið fyrir klaufskurðarbásinn verður 19.000 kr. og tímagjald í klaufskurði 7.800 kr. Í komugjaldinu er innifalin uppsetning og þrif á básnum.

Líkt og undanfarin ár reynum við að taka fyrir samfelld svæði til að samnýta ferðir. Áhugasamir hafið samband við BV í síma 437 1215 eða beint við Guðmund Hallgrímsson í síma 860 7305.



Tilboðsmarkaður á greiðslumarki í mjólk

Þann 1. apríl nk. verða næst viðskipti með greiðslumark mjólkur á svokölluðum kvótamarkaði. Þeir sem óska eftir að kaupa eða selja greiðslumark á markaðnum skulu skila inn til Matvælastofnunar tilboðum í lokuðu umslagi sem skulu tilgreina nafn og kennitölu tilboðsaðila, heimili og lögbýlisnúmer, netfang ef það er fyrir hendi og það magn og verð greiðslumarks sem boði er til sölu eða leitað er eftir kaupum á. Tilboðin skulu hafa borist til Matvælastofnunar eigi síðar en þann 25. mars nk. Þegar markaður er haldinn 1. apríl. Nánari upplýsingar um kvótamarkaðinn er að finna á heimasíðunni www.mast.is

Túnkortagerð

Sigurður Jarlsson ráðunautur hjá RML hefur annast túnkortagerð fyrir Búnaðarsamtök Vesturlands eins og hann gerði á meðan hann var starfsmaður BV.

Túnakortin eru teiknuð beint inn á miðlægan gagnagrunn hjá Loftmyndum ehf sem síðan er yfirfærður yfir í Jörð.is, þar sem bændur geta síðan fengið aðgang hjá Bændasamtökum Íslands. Jörð.is er miðlægur gagnagrunnur sem heldur utan um upplýsingar um ræktun búans og eru bændur í síauknum mæli að nýta sér það verkfæri með góðum árangri. Mikilvægt er að túnkort sé til í gagnagrunninum þegar jarðabótaúttektir fara fram.

Þeir bændur sem vilja nýta sér þjónustu BV/RML við túnkortagerð eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við BV í síma 437 1215 eða beint við Sigurð Jarlsson í síma 516 5042 / 862 0631 eða netfangið sj@rml.is.

Gjaldskrá BV

Sæði frá Nautastöð BÍ hefur nú í ár hækkað um 15 % sem kemur til hækkunnar á seldu sæði frá Búnaðarsamtökum Vesturlands frá 1.3.2014. Um aðra hækkun er ekki að ræða á sæðingum BV. Klaufskurður hækkar um 12 % frá fyrra ári. Aðrar breytingar eru ekki á gjaldskrá BV. Gjaldskrána má sjá hér að neðan:

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar verður eftirfarandi:

Gjald fyrir sædda kú í skýrsluhaldi	kr. 2.300.-
Gjald fyrir sædda kú utan skýrsluhalds	kr. 3.030.-
Gjald fyrir sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla	kr. 6.210.-
Heimsóknargjald vegna sæðinga	kr. 1.265.-

2. gr.

Sérhæfð ráðgjöf og þjónusta fyrir bændur á starfssvæði BV	kr. 4.600 pr. klst
Almennur taxti, útseld vinna fyrir aðila sem ekki eru bændur á starfssvæði BV	kr. 10.000 pr. klst.
Almenn ráðgjöf fyrir bændur á starfssvæði BV	kr. 0

Gjald fyrir klaufskurð er eftirfarandi:

Tímagjald fyrir klaufskurð fyrir bændur á starfssvæði BV	kr. 7.800 pr. klst.
Komugjald vegna klaufskurðar á starfssvæði BV	kr. 19.000.-

3. gr.

Á sérhæfða ráðgjöf, vinnu og almennan taxa sem óskað er að fari fram utan hefðbundins vinnu-tíma, reiknast 50% álag.

Heimsóknargjald innheimtist við hverja heimsókn sæðingamanns, óháð fjölda sæðinga, sama gildir hjá þeim sem eru með mjólkurframleiðslu og við notkun á holdanautasæði.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1., 2. og 3. gr.



– Vesturumdæmi

Svo sem bændum og öðrum búfjáreigendum á að vera kunnugt ekki síst eftir greinaskrif þar um í Bændablaðinu á undanförunum mánuðum færðist eftirlit með dýrahaldi frá sveitarfélögunum til Matvælastofnunar við síðustu áramót. Ráðnir voru til stofnunarinnar sex dýraeftirlitsmenn hver á sínu héraðsdýralæknisumdæmi landsins.

Í Vesturumdæmi sem nær frá Hvalfjarðarbotni vestur um landið, Vestfirði og Strandir að undanskildum gamla Bæjarhreppi er það Guðlaugur V. Antonsson sem ráðinn var til starfans auk þess sem héraðsdýralæknir svæðisins Flora-Josephine Hagen Liste mun einnig sinna almennu dýraeftirliti.

Guðlaugur hefur aðsetur að Hvanneyrargötu 3 á Hvanneyri og símanúmerið 530-4848; netfang guðlaugur.antonsson@mast.is en Flora hefur skrifstofu að Borgarbraut 2 í Stykkishólmi og símanúmerið 5304800; netfang flora.liste@mast.is

Nautgriparáæktin 2013

Í uppgjöri skýrsluhalds í nautgriparáækt 2013 kemur fram að meðaltal afurða á svæði BV hefur hækkað um 134 kg frá árinu 2012 og er nú 5.447 kg. Landsmeðaltalið nú er 5.621 kg og hækkar aðeins um 15 kg á milli ára. Ef skoðuð eru svæði innan Búnaðarsamtakanna kemur í ljós að kúabændur á Snæfellsnesi eru með hæstu meðalnytina eða 5.900 kg eftir árskúna. Með mestu afurðir eftir árskúna er búið í Botni í Súgandafirði með 7.421 kg mjólkur í meðalnyt. Hér að neðan má sjá 10 hæstu skýrsluhaldsbúin á svæði BV árið 2013.

	Bú	Skýrsluhaldarar	árskýr	afurðir
1	480204 Botn 2	Björn og Svavar	61,8	7.421
2	380127 Lyngbrekka	Sigurður og Bára	48,6	7.399
3	370179 Hraunháls	Guðlaug og Eyberg	24,5	7.270
4	260111 Miðdalur	Guðmundur og Svanborg	24,9	7.225
5	360425 Helgavatn	Helgavatnsbúið	79,7	7.046
6	360560 Leirulækjarsel	Edda Björk Hauksdóttir	27,3	6.958
7	350191 Eystri-Leirárgarðar	Eystri-Leirárgarðar ehf	43,6	6.916
8	350513 Hvanneyri	Grímshagi ehf.	62,5	6.881
9	370132 Stakkhamar 2	Laufey og Pröstur	50,8	6.860
10	470333 Hóll í Firði	Magnús Hringur Guðmundsson	69,3	6.726

Þegar skoðaðar eru nythæstu kýrnar á svæði BV kemur í ljós að það var kýrin Sómalind nr.268 frá Stakkhamri sem var nythæsta kýrin árið 2013. Hér að neðan má sjá töflu yfir 10 nythæstu kýrnar á svæði BV árið 2013. Töflurnar verða birtar í heild á heimasíðu BV, www.buvest.is

	Kýr	Faðir	Afurðir	Prótein	Fita	Bú
1	0268 Sómalind	06040 Reykur	10.853	2,96	3,31	370132 Stakkhamar
2	0203 Rós	98026 Glanni	10.655	3,16	3,40	370132 Stakkhamar
3	471	06020 Völusteinn	10.587	3,38	4,71	380127 Lyngbrekka
4	296	98023 Tröllli	10.562	3,11	4,12	470333 Hóll í Firði
5	1229 Urður	00010 Laski	10.498	3,05	3,15	350513 Hvanneyri
6	0241 Glæta	99016 Viti	10.452	3,03	3,85	260121 Káranes
7	0432 Jana	97010 Stígur	10.372	3,21	4,81	370142 Ölkelda
8	0286 Rófa	98008 Meitill	10.277	3,32	5,15	370179 Hraunháls
9	0670 Yoko	0534 Tímon	10.189	3,40	4,12	480204 Botn
10	0501 Tvíti 2	97033 Hersir	10.184	3,36	4,72	360592 Laxárholt

Vorferð Félags sauðfjárbænda í Borgarfirði

Farið verður þann 29. mars í ferð norður í Skagafjörð og kíkt á sláturhúsið á Sauðárkróki þar sem við þiggjum veitingar og skoðum okkur aðeins um, því næst verður heilsað upp á bændur á Syðri-Hofdölum og Skörðugili.

Á leiðinni suður verður komið við í Húnavatnssýslu og kíkt á bændur í Stóra-Dal og borðuð tveggja rétta máltíð á veitingahúsinu á Gauksmýri.

Rútan leggur af stað frá: Laxárbakka kl. 08:30, Hyrnunni kl. 09:00 og Baulunni kl. 09:15

Miðaverð er 7.000 kr.

Nánari upplýsingar og miðapantanir eru hjá Baldvin í Skorholti í síma 899-8892 fyrir 22.mars